



## BÆN / FAÐIR VOR

Heyr mína bæn, mildasti blær.  
Berðu kveðju mína' yfir höf.  
Syngdu honum saknaðarljóð.  
Vanga hans blítt vermir þú sól  
vörum mjúkum, kysstu hans brá.  
Ástarorð hvísla mér frá.

Heyr mína bæn, bára við strönd.  
Blítt þú vagga honum við barm,  
þar til svefninn sígur á brá.  
Draumheimi í dveljum við þá  
daga langa saman tvö ein.  
Heyr mínar bænir og þrár.

Syngið þið fuglar  
ykkar fegursta ljóðaval  
flytjið honum í indælum óði  
ástarljóð mitt.

Syngið þið fuglar  
ykkar fegursta ljóðaval  
flytjið honum í indælum óði  
ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.  
Blítt þú vagga honum við barm,  
þar til svefninn sígur á brá.  
Draumheimi í dveljum við þá  
daga langa saman tvö ein.  
Heyr mínar bænir og þrár.

*Niza - Ólafur Gaukur*



## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## BLESSUN

### EFTIRSPIL

*Blessuð sérstu sveitin mín*  
*Bjarni Þorsteínsson*

*Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*  
*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*  
*Einsöngur: Halldór Hallgrímsson*  
*Kammerkór Akranes Kirkju*  
*Útfararþjónusta Akranes Kirkju*  
**Ástvinir þakka vinsemi og hlýhug**



# Sigvaldi Guðbjörn Loftsson

*Fæddur 10. mars 1931*  
*Dáinn 22. febrúar 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju*  
*föstudaginn 5. mars 2021*

## FORSPIL

### BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphelðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

### RITNINGARORÐ

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt, er áttu' í vonum,  
og allt, er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið,  
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir þekkir  
og það í miskunn sér,  
sem hagsæld minni hnekkir,  
og hvað mér gagnlegt er,  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn,  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, vís þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
þú mæðist litla hríð.  
þér innan skamms mun skína  
úr skýjum sólin blíð.

*Gerhardt - Björn Halldórsson*

### RITNINGARORÐ



### EINSÖNGUR

*Rósin*

*Friðrik Jónsson – Guðmundur Halldórsson*

### GUÐSPJALL

Ó, þá náð að eiga Jesú  
einkavin í hverri þraut.  
Ó, þá heill að halla mega  
höfði sínu' í Drottins skaut.  
Ó, það slys því hnossi' að hafna,  
hvíflíkt fær á þinni braut,  
ef þú blindur vilt ei varpa  
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böl að búa,  
bíðir freistni, sorg og þraut,  
óttast ekki, bænin ber oss  
beina leið í Drottins skaut.  
Hver á betri hjálp í nauðum?  
Hver á slíkan vin á braut,  
hjartans vin, sem hjartað þekkir?  
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,  
hryggilega dauðans þraut,  
þá hvað helst er Herrann Jesús  
hjartans fró og líknar skaut.  
Vilji bregðast vinir þínir,  
verðirðu' einn á kaldri braut,  
flýtt þér þá að halla' og hneigja  
höfuð þreytt í Drottins skaut.

*Scriven - Sb. 1886 - Matthías Jochumsson*



### MINNINGARORÐ

### EINSÖNGUR

*Kveðja*

*Bubbi Morthens*

